

KIRKJUGARÐARÁÐ

77. fundur haldinn 8. febrúar 2010 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Valtýr Valtýsson, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru Karl Sigurbjörnsson biskup og Hjalti Zóphóniasson skrifstofustjóri í dóms- og mannréttindaráðuneyti.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 11.05.

2. Kynning á umsóknum í Kirkjugarðasjóð 2010

Guðmundur Rafn kynnti umsóknir. Þær voru 50 í ár og óvenju margar frá Vestfjörðum. Biskup og Hjalti Zóphóniasson yfirlit fundinn eftir þennan lið.

3. Fjárhagsáætlun Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2010

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2010. Ákveðið var að fjármálastjóri Biskupsstofu komi á næsta fund Kirkjugarðaráðs og geri nánari grein fyrir fjárhagsáætluninni.

4. Úthlutun úr Kirkjugarðasjóði vegna ársins 2010

Framkvæmdastjóri kynnti tillögur að úthlutun úr sjóðnum. Þórsteinn Ragnarsson vék af fundi þegar fjallað var um styrkumsókn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Kristín Huld vék af fundi þegar fjallað var um styrkumsókn Fornleifaverndar ríkisins. Kirkjugarðaráð ákvað að gert yrði að skilyrði fyrir greiðslu styrkja að forsvarsmenn kirkjugarða skili inn legstaðaskrá. Úthlutun samþykkt með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar.

Kirkjugarðar	Úthlutun	Verkefni
	2010	
Múlaprófastsdæmi		
Möðrudalur	550	Greiða niður skuldir vegna framkvæmda
Skeggjastaðir	400	Mála girðingu og endurnýja sáluhlið
Eiríksstaðir	1800	Gagngerar lagfæringar á kirkjugarðinum
Sleðbrjótur	500	Bygging þjónustuhúss
Valbjófsstaður	900	Hellulagður stígur úr náttúrugrjóti og gerð minningarreits
Fellabær	750	Hönnun og undirbúningur framkvæmda
Austfjarðaprófastsdæmi		
Kolfreyjustaður	550	Frágangur kringum þjónustuhús
Rangárvallaprófastsdæmi		
Ásólfsskáli	100	Snyrting á gamla kirkjugarðinum í Holti
Árnesprófastsdæmi		
Stóri-Núpur	2100	Gagngerar endurbætur og stækkun garðs
Bræðratunga	500	Lagfæra heimkeyrslu samkvæmt fyrirbyggjandi samningi
Þingvellir	1.600	Halda áfram með lagfæringar á umgjörð kirkjugarðsins

Kjalarnesprófastsdæmi		
Hvalsnes	600	Bygging þjónustuhúss
Kirkjugarðar Keflavíkur	1.000	Lagfæra aðkomu að Hólmsbergskirkjugarði
Reykjavíkprófastsdæmi		
Gufunes v/þjónustuh.	8.000	Vegna þjónustuhúss í Gufuneskirkjugarði
Hólavallakirkjugarður	500	Viðgerð á gömlum minningarmörkum úr pottjárn
Borgarfjarðarprófastsdæmi		
Lundur	1.700	Endurnýja umgjörð og lagfæra kirkjugarðsflöt
Hvanneyri	500	Koma upp þjónustuaðstöðu í friðuðu húsi við kirkjugarðinn
Snæfellsnes- og Dalapr.		
Fáskrúðarbakki	1.800	Endurnýja umgjörð á Fáskrúðarbakka, Miklholti og Rauðamel
Stykkishólmur	1.000	Lagfæra kirkjugarðinn
Sauðafell	500	Lagfæra sáluhlið og undirbúa endurhleðslu á vegg
Hjarðarholt/Búðard.	1.200	Greiða niður bankalán vegna framkvæmda
Vestfjarðarprófastsdæmi		
Staður á Reykjanesi við Breiðafjörð	1.200	Endurhlaða framhlið kirkjugarðsins
Patreksfjörður	1.500	Ljúka framkv. við endurbætur og stækkun
Bíldudalur	450	Stígagerð og leggja fyrir væntanlegri lýsingu
Mýrar	400	Lagfæra gamalt minnismerki úr pottjárn
Húnavatnsprófastsdæmi		
Árnes	300	Lagfæra aðkomu að kirkju og kirkjugarði
Efri-Núpur	250	Lagfæra steipt sáluhlið og hornstaura
Hof á Skaga	900	Lagfæra girðingu og útbúa nýtt bílastæði.
Skagafjarðarprófastsdæmi		
Glaumbær	1000	Endurnýja trérimlagirðingu og stækka kirkjugarð
Hólar	450	Lagfæra og snyrta kirkjugarðinn
Siglufjörður	1000	Hönnun á kirkjugarðinum við Saurbæjarveg
Eyjafjarðarprófastsdæmi		
Kg. Dalvíkurprestak.	2.000	Endurbætur á kirkjug. á Völlum, Tjörn, Urðum og Dalvík
Möðruvellir í Hörgárd.	350	Lagfæra gamlar pottjárnströppur
Kg. Laugal.pr. v/Saurb.	2.500	Hlaða umhverfis kirkjugarðinn
Kg. Laugal.pr. v/Munk.	2.000	Lagfæra aðkomu að kirkjugarði og ganga frá við bílaplan
Kg. Laugal.pr. v/Grund	2.000	Ganga frá bílaplani
Þingeyjarprófastsdæmi		
Húsavík	1.500	Greiða niður skuld af þjónustuhúsi kirkjugarðsins
Svalbarð	500	Áhaldahús fyrir kirkjugarðinn
Niðurlagðir kirkjugarðar		
Tröllatunga	350	Endurnýja girðingu
Selárdalur	450	Þökuleggja garðinn og hlúa að minningarmörkum
Sandar	400	Endurnýja girðingu, rétta minnismerki og merkja garðinn
Hornstrandir	900	Lagfæra kirkjug. Stað í Aðalvík og Grunnvík og Furufirði
Staður í Súgandafirði	250	Þökuleggja og merkja gamla kirkjugarðinn á Stað
Svínavatn	400	Lagfæra gamla kirkjugarðinn í samráði við minjavörð o.fl.
Annað		
KGSÍ v/upplýsinga og fræðslu	1.000	Fræðslumál og útgáfa Bautasteins
KGSÍ (In Mem) v/ gagnagr.	2.000	Söfnun legstaðaskr., skráning, ítarefni o.fl.
KGSÍ v/rekstrar	1.500	Heimasíða, aðalfundur, tekjuútteiling o.fl.
Fornleifavernd ríkisins	2.000	Skrá minningarmörk í Skaftafellsprófastsdæmi
SAMTALS:	54.100	

5. Skipting framlags til kirkjugarða árið 2010 og einingarverð vegna greiðslu grafarkostnaðar

Þórsteinn kynnti. Það er búið að fá staðfesta tölu frá fjármálaráðuneytis sem greidd verður út árið 2010, alls. 917, 211,003 kr. KGSÍ leggur til að umhirðugjald verði eins og fram kemur á eftirfarandi töflu:

	Flatarmálsverð Brúttó	Grafarverð Brúttó	Grafarverð Til garða
Stærðarflokkur 1	160,78	103.261	94.500
Stærðarflokkur 2	160,78	103.261	94.500
Stærðarflokkur 3	239,18	103.261	94.500
Stærðarflokkur 4	388,66	92.037	84.000
Stærðarflokkur 5	538,15	92.037	84.000
Stærðarflokkur 6	654,14	92.037	84.000
Stærðarflokkur 7	654,14	92.037	84.000
Stærðarflokkur 8	784,97	92.037	84.000
Stærðarflokkur 9	784,97	81.326	74.500
Stærðarflokkur 10	784,97	81.326	74.500
Duftgrafir	825,77	56.987	52.000

Einingaverð fyrir umhirðugjald er lægra en í fyrra. Grafargjald lækkar aðeins, eða um 500 kr. í lægstu flokkunum, 2000 í milliflokkum, 500 í 9-10 flokki og 1000 í duftgröfum. Sent verður bréf til allra kirkjugarða þann 12. febrúar. Kirkjugarðaráð samþykkti tekjuskiptingu til kirkjugarða landsins skv. tilögum stjórnar KGSÍ.

6. Bréf vegna lækkunar á fjárframlagi ríkisins til kirkjugarða

Lagt var fram bréf frá KGSÍ til dómsmála- og mannréttindaráðherra þar sem mótmælt var að framlag til kirkjugarða hefði verið lækkað um 6 milljónir á fjárlögum ársins 2010 skv. ákvörðun ráðherra. Ekki hefur borist svar vegna erindisins. Kirkjugarðaráð mun einnig mótmæla þessari skerðingu og var formanni og framkvæmdastjóra falið að skrifa bréf til ráðherra.

7. Erindi frá sóknarnefnd Grindavíkur vegna minnismarkis

Framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs var falið að ræða við málsaðila.

8. Næsti fundur

Verður haldinn 1. mars kl. 13:00.

9. Önnur mál

Formaður nefndi að Kirkjuráð hefur látið binda allar fundargerðir sínar inn í bók. Hún óskaði eftir að sami háttur yrði hafður á með fundargerðir Kirkjugarðaráðs. Samþykkt var að veita 250 þús. króna fjárframlag til að koma fundargerðum Kirkjugarðaráðs í slíkt lögformlegt horf.

Framkvæmdastjóra var falið að koma með útfærslu á viðmiðunarreglum vegna tæknivinnu starfsfólks Kirkjugarðasjóðs fyrir kirkjugarða.

Kristín Huld lagði fram ályktun sem hún hafði samið vegna draugagangna í kirkjugörðum. Ákveðið var að breyta ályktuninni lítils háttar og verður ný útfærsla send út með fundargerðinni 8. janúar. Framkvæmdastjóra var jafnframt falið að senda ályktunina til viðkomandi aðila.

Fundi slitið kl. 15.35.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari